

Um IsoTækni ehf.

IsoTækni var stofnað 1997 starfsemin felst í framleiðslu í málmiðnaði ásamt rafmagnsbúnaði. Mest með tölvustýrðum rennibekkjum og fræsivélum. Aðalframleiðslan eru raftjakkar sem eru notaðir í stað lofttjakka og glussatjakka þar sem krafa um hreinlæti varðar miklu, t.d. í matvælaíðnaði. Einnig framleiðir fyrirtækið rekstrarvörur fyrir ISAL. Útboðsverk eru einnig partur af starfseminni.

Stöðug aukning hefur verið í sölu raftjakka og sérstaklega síðustu 2 árin. Raftjakkar sem henta í matvælaíðnað er nýjung sem önnur fyrirtæki nýta sér til notkunar sem íhlut. Aðalaukningin er í útflutningi. Við erum með alþjóðlegt einkaleyfi á þessum raftjökkum. Húsnæðið sem við erum í núna er samtals 650m² það er orðið of lítið. Það var tekið neikvætt í umsókn okkar um viðbyggingu við Dalshraun 9.

Fastir starfsmenn eru 5 auk verktaka sem vinna við tilfallandi verk. Tækjakostir eru 5 CNC rennibekkir og 2 stórar CNC fræsivélar auk fjölda smærri véla og tækja.

Við sjáum fram á aukin umsvif og þar af leiðandi þurfum við stærra húsnæði og fleirra starfsfólk í náinni framtíð. Heimasíða okkar er www.isotech.is þar eru upplýsingar um raftjakkana og stjórnþúnaðinn sem við framleiðum.

IsoTækni ehf.

Gretar Franksson

Framkvæmdastjóri